



Árskógarskóli

b.t.

Gitta Unn Ármannsdóttir og umhverfisnefndar Árskógarskóla

Reykjavík, 23. maí 2022

Efni: Vegna grænfánaúttektar 18. maí sl.

Kæra Gitta Unn Ármannsdóttir og umhverfisnefnd Árskógarskóla

Bestu þakkir fyrir gott spjall í úttektinni. Hér að neðan er endurgjöf til ykkar ásamt niðurstöðum úttektarinnar.

Þið unnuð með þemað Náttúruvernd jafnrétti á tímabilinu.

Skrefin sjö

Ábendingar

Skrefin sjö	Ábendingar
1. Umhverfisnefnd	X Gaman að geta gefið öllum tækifæri á að vera í umhverfisnefnd,
2. Mat á stöðu mála	X Gert með umræðum á fundi
3. Aðgerðaráætlun og markmið	X Aðgerðaráætlun sett upp og markmið en gott væri að styðjast við markmiðsetningarblað grænfánans, það eykur ábyrgð og sýnileika fyrir öllum sem taka þátt í grænfánastarfinu. Breytingar má gera á markmiðsetningarblaðinu og aðlaga eftir þörfum líkt og þegar þið tókuð ákvörðun um að fara vinna með jarðskjálfta eftir að mikil skjálftavirkni var á svæðinu.
4. Eftirlit og endurmat	X Umhverfisnefnd og kennarar skólans sjá um eftirlit og mat
5. Grænfáninn í námsgreinum	X Vel útfært, snert á grænfánaverkefninu víða og Grænfánaþingið skemmtilegt leið til þess að fræðast og fræða aðra
6. Upplýsa og fá aðra með	X
7. Umhverfissáttmáli	X

Markmið sem unnið var með á tímabilinu

Fræðast um hvað náttúran er öflug, eldgos, jarðskjálftar.	X	
Skoða áhrif mannsins og náttúruhamfara á náttúru og dýralíf.	X	

Læra hvernig uppbyggingu sé best háttað eftir rask mannsins og jarðhræringu.	X	
Rækta grænmeti.	X	
Læra um framleiðslu fatnaðar og áhrif framleiðslunnar á umhverfið	X	

Heildarniðurstaða

Skólinn náði öllum þeim markmiðum sem hann setti sér á liðnu tímabili. Greinilegt er að vel hefur tekist að vinna að grænfanastarfinu þrátt fyrir áskoranir. Margt jákvætt er orðið af föstum lið í skólustarfinu eins og ræktun, útikennsla og endurnýting á efnivið í verklegum greinum. Grænfanapíngið er skemmtilegt útfærsla því hvernig deila má verkum með öðrum og gaman væri að skoða hvort bjóða mætti foreldrum eða öðrum bæjarbúum á slíkt þing. Nemendur eru meðvitaðir um umhverfismálin og grænfanastarfið og áhugasöm um að segja frá í úttektinni. Markmiðsetning er kannski eitthvað sem mætti skoða fyrir næsta tímabil, það hefur reynst skólum vel að notast við markmiðsetningarblaðið. Eins og við ræddum í úttektinni er náttúruvernd, víðtækt hugtak og snertir marga þætti, þið útfærðuð þemað á ykkar hátt og tengduð við aðstæður sem voru í gangi á tímabilinu. Ef áhugi er fyrir því að halda áfram með þemað er það velkomið og taka þá aðra nálgun. Allt eftir því hvar áhugi nemenda og ykkar liggur. Náttúruvernd fer einnig vel með öðrum þemum og má skoða það að taka það að hluta samhliða öðru þema. Við getum alltaf tekið samtalið um þetta í upphafi nýs tímabils.

Hér er slóð á bókina Lifandi náttúra á tækniöld sem við ræddum um í úttektinni og gæti reynst vel í ræktunarverkefnin ykkar

https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/lifbreytileiki_a_taekniold/

Við minnum að lokum á heimasíðu verkefnisins <https://landvernd.is/graefaninn/> og handbókina Á grænni grein en þar er að finna nánari upplýsingar um verkefnið ásamt umræðu um þemun og hugmyndir að verkefnum sem hægt er að vinna, sjá hér:

<https://landvernd.is/a-graenni-grein/>.

Á vefsíðu grænfanans er m.a. að finna fullt af námsefni sem getur gefið ykkur innblástur um ný verkefni og nýjar nálganir.

Ný og endurbætt verkefnakista var opnuð í febrúar á þessu ári og þar má finna fjölda verkefna. Verkefnin eru ýmist samin af menntateymi Landverndar eða hafa komið frá grænfanaskólum í gegnum tíðina. <https://landvernd.is/verkefnakista/>

Verkefnið Ungt umhverfisfréttafólk er orðið mjög vinsælt verkefni fyrir unglingastigið og framhaldsskólana hér er má finna helstu upplýsingar um það verkefni <https://landvernd.is/graefaninn/umhverfisfrettafolk/>

Grænfáninn fagnar 20 ára afmæli á skólaárinu 2021-2022. Við hvetjum ykkur að fylgjast með þeim viðburðum sem verða á afmælisárinu og þeim afmælispökkum sem verða opnaðir í hverjum mánuði og eru tileinkaðir þeim tengdum umhverfismálum <https://landvernd.is/graefaninn/20-ara-afmaeli/>

Þið hafið náð þeim góða árangri að fá grænfánann afhentan í sjötta sinn. Innilega til hamingju með það!

Bestu kveðjur,

Menntateymi Landverndar